



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2021
R21040245
6230

Borgarráð

Hækkun launa nemenda Vinnuskóla og starfstími sumarið 2021

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögu um hækkun launa nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2021 sem samþykkt var á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar þann 21. apríl sl. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka vegna þessa.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs til borgarráðs - Laun nema Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2021, Tillaga, dags. 23. apríl 2021.

Bréf skrifstofu umhverfisgæða til umhverfis- og heilbrigðisráðs, Hækkun launa nemenda Vinnuskóla og starfstími sumarið 2021, dags. 16. apríl 2021.



Borgarráð
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík 23.04.2021

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar frá 21. apríl 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Laun nema Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2021, *Tillaga*

Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð samþykki eftirfarandi starfstíma og hækkun launa nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2021:

- Tímakaup nemenda úr 8. bekki hækki úr 560 kr. í 664 kr., starfstími 3 vikur
- Tímakaup nemenda úr 9. bekki hækki úr 630 kr. í 886 kr., starfstími 3 vikur
- Tímakaup nemenda úr 10. bekki hækki úr 838 kr. í 1107 kr., starfstími 3 vikur.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.
Vísað til borgarráðs

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgigögn: Bréf Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 16. apríl 2021.

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Hækkun launa nemenda Vinnuskóla og starfstími sumarið 2021

Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð samþykki eftirfarandi starfstíma og hækkun launa nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2021:

- Tímakaup nemenda úr 8. bekki hækki úr 560 kr. í 664 kr., starfstími 3 vikur
- Tímakaup nemenda úr 9. bekki hækki úr 630 kr. í 886 kr., starfstími 3 vikur
- Tímakaup nemenda úr 10. bekki hækki úr 838 kr. í 1107 kr., starfstími 3 vikur

Miðað við áætlaðan fjölda nemenda í Vinnuskólanum 2021, en gert er ráð fyrir nokkurri fjölgun, er kostnaður við hækkunina um 44 m.kr. umfram áætlaðan kostnað ef laun og starfstími haldast óbreytt og fulla mætingu nemenda.

Ljóst er að þessi hækkun rúmast ekki innan launaliðs nemenda í fjárhagsáætlun umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2021. Tillagan er því lögð fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð með fyrirvara um samþykki borgarráðs um aukafjárveitingu.

Þessar hækkunir sem hér eru lagðar til fylgja sömu aðferðafræði og notast er við í æ fleiri sveitarfélögum/vinnuskólum í dag, þ.e. hlutfallstengingu við lágsta launaflokk í kjarasamningi sveitarfélags og viðkomandi starfsmannafélags. Með þessum hætti verða laun nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur sambærileg við laun í flestum vinnuskólum höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Friðriksson
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða